

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 31. janúar kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 760. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir og Hulda Einarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Háaleitisbraut 1, nýtt deiliskipulag** (01.252.1) Mál nr. SN170454
Skjalnr. 10336
570269-1439 Sjálfstæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 31. maí 2017, ásamt tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut. Í tillögunni felst að bætt verður við tveimur nýjum byggingarreitum á lóð Háaleitisbrautar 1 auk þess sem heimilt verður að stækka hús Veitna við Bolholt 5. Næst Kringlumýrarbraut verður heimilt að reisa fimm hæða skrifstofubyggingu með bílakjallara. Á horni Skipholts og Bolholts verður heimilt að reisa sex hæða íbúðarhús með bílakjallara ásamt þjónustu- og verslunarrými á 1. hæð. Bílastæðum fjölgar og verður hluti þeirra í bílakjallara. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall hækkar á báðum lóðum sem þessu nemur, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 4. nóvember 2019. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits um hljóðvist dags. 16. nóvember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2019, húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 5. júlí 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jóhanna Margeirsdóttir dags. 29. janúar 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Laugarásvegur 29-37, breyting á deiliskipulagi** (01.382.1) Mál nr. SN200071
Skjalnr. 6199
Ragnheiður Ebenezersdóttir, Laugarásvegur 37, 104 Reykjavík
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 28. janúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Kleifarvegur 1.282.1 vegna lóðarinnar nr. 29-37 við Kleifarveg. Breytingin felst í stækkun á bílgeymslulóð við enda Kleifarvegur samkvæmt, upprætti Mönduls verkfræðistofu dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagt fram samþykki eigenda bílskúra við Laugarásveg 29, 29a og 35 dags. 12. ágúst 2019.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

3. **Brautarholt 6, Fjölgun íbúða - 3.hæð** (01.241.204) Mál nr. BN056997
Skjalnr. 11547
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055618 og fjölga íbúðum úr sex í átta, tvær stúdíóíbúðir, fimm tveggja herbergja íbúðir og ein fjögurra herbergja á 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark. Arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna lóðamarkamála og er nú lagt fram að nýju ásamt netpósti deildarstjóra lögfræðideildar hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags 23. janúar 2020. Einnig var málinu vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Erindi fylgir mæliblað 1.241.2 dags. 13. október 1997, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019 og bréf hönnuðar dags. 26. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020 samþykkt.
4. **Grjótháls 7-11, breyting á deiliskipulagi** (04.304.0) Mál nr. SN190599
Skjalnr. 5774
490911-2510 G7-11 fasteignafélag ehf., Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
570215-0350 Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Urban arkitekta ehf. dags. 3. október 2019 ásamt bréfi dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Grjótháls. Í breytingunni felst að hámarkshæð viðbyggingar hækkar úr 11 metrum í 15 metra, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 2. október 2019, síðast breytt 31. janúar 2020. Einnig er lagður fram samanburður á skuggavarpri gildandi deiliskipulags og breytingartillögu fyrir lóðina dags. 1. október 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 27. nóvember 2019 til og með 30. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Íþaka fasteignir ehf. dags. 30. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020 sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr.1020/2019.
5. **Skipholt 1, Hótel - Endurbygging og stækkun Breyting á erindi BN051113** (01.241.206) Mál nr. BN057080
Skjalnr. 13462
560117-0350 Skipholt ehf., Starhaga 4, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051113 þannig að húsið, sem er gististarfsemi í flokki IV, tegund hótél, hækkar um eina hæð og verður 6 hæðir, gistihönnunum fjölga úr 78 í 97 og með því fjölga gestum úr 156 í 194, fjöldi starfsfólks er áætlaður 10-13 manns samtímis yfir daginn í húsi á lóð nr. 1 við Skipholt, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 13. september 2016 síðast br. 15. desember 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Erindi fylgir afrit af ósamþykktum teikningum, frá hönnuði, með yfirliti yfir breytingar, bréf hönnuðar dags. 16. desember 2019, samþykki nággranna vegna flóttastiga við lóðamörk dags. 1. mars 2018, bréf hönnuðar um stækkun húss og bílastæðabókhald dags. 15. desember 2019, Greinagerð Lotu vegna burðarþolshönnunar ódags. og ódags. teikningaskrá hönnuðar yfir aðaluppdrætti. Einnig bréf hönnuðar dags. 15. janúar 2020 og afrit af samþykktum teikningum með yfirliti yfir breytingar. Stækkun: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.

6. **Sundlaugavegur 22, (fsp) bílskúr á lóð** (01.361.0) Mál nr. SN200078
Skjalnr. 12274
Ása Fanney Gestsdóttir, Sundlaugavegur 22, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ásu Fanneyjar Gestsdóttur dags. 25. júní 2019 um hvort heimilt er samkvæmt deiliskipulagi að byggja annan bílskúr lóð nr. 22 við Sundlaugaveg. Ef heimild er ekki til staðar í gildandi deiliskipulagi fyrir byggingu bílskúrs er spurt hvort leyfi fengist til að breyta deiliskipulagi vegna þessa. Einnig er lögð fram yfirlýsing um bílskúrsrétt frá meðeigendum hússins frá 23. nóvember 2004.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Kjalarnes, Kalkslétta 1, (fsp) setja mön við norðurenda lóðar** Mál nr. SN200060
Skjalnr. 10240
470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
531113-0980 VEB verkfræðistofa ehf., Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Erlends Sturlu Birgissonar dags. 23. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 22. desember 2020 um að setja mön við norðurhlíð lóðarinnar nr. 1 við Kalksléttu, samkvæmt uppd. VEB verkfræðistofu ehf. dags. 1. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Korngarðar 2 og Sundabakki 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.331.4) Mál nr. SN200061
Skjalnr. 6323
421104-3520 Eimskip Ísland ehf., Korngörðum 2, 104 Reykjavík
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Gríms Más Jónassonar dags. 24. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðanna nr. 2 við Korngarða og 2-4 við Sundabakka. Í breytingunni felst að færa lóðarmörk milli lóðanna ásamt því að lóðastærð er lagfærð til samræmis við fasteignaskrá, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 5. nóvember 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
9. **Laugavegur, Bolholt, Skipholt, nýtt deiliskipulag** (01.251.1) Mál nr. SN190527
Skjalnr. 10651
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Yrki arkitekta ehf. að nýju deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi til norðurs, Bolholti til austurs, Skipholti til suðurs og Laugavegi 174 og Skipholti 31 til vesturs. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lóðinni Laugavegur 176 vegna fyrirhugaðs hótels, en aðrar lóðir á skipulagsreitnum verða skilgreindar sem óbreyttar lóðir þar sem núverandi ástand er óbreytt samkvæmt uppdráttum Yrki arkitekta ehf. dags. 6. september 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn: Ingibergur Sigurðsson dags. 15. janúar 2020, Local lögmenn f.h. Tannlækninga ehf., Tannheils ehf., Laser-Tannlæknastofu ehf og Sigfúsar Haraldssonar dags. 24. janúar 2020, Logos lögmennsþjónusta f.h. Vallhólma ehf., Dyrhólma ehf. og Hraunhólma ehf. dags. 28. janúar 2020, Veitur dags. 28. janúar 2020 og Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi** (01.68) Mál nr. SN180788
Skjalnr. 6671
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á um 350 m kafla nýrrar tveggja akreinar akbrautar fyrir almenningssamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Kaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samhliða breytingunni eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á skipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand. Lagðir eru fram uppdr. Landmótunar dags. 11. nóvember 2019. Einnig er lögð fram greinargerð Landmótunar dags. 11. nóvember 2019. Jafnframt er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 23. janúar 2020, Isavia dags. 29. janúar 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
11. **Reykjavíkurflugvöllur, breyting á deiliskipulagi** (01.6) Mál nr. SN190682
Skjalnr. 6767
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Isavia dags. 29. janúar 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
12. **Rökkvatjörn 2, (fsp) uppbygging á lóð** (05.052.5) Mál nr. SN190720
Skjalnr. 14215
- 500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 3. desember 2019 varðandi uppbyggingu á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020 samþykkt.*
13. **Urðarbrunnur 54-56, Fjölbýlishús - fjórar íbúðir** (05.053.402) Mál nr. BN057082
Skjalnr. 14225
- 450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús með fjórum íbúðum á lóð nr. 54 við Urðarbrunn, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu ehf. dags. 8. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
- Stærðir: A- rými: 500.1 ferm., 1.584.1 rúmm. B- rými: 20.0 ferm., 29,1 rúmm. Nýtingarhlutfall : 0.76. Erindi fylgir lóðauppdráttur 5.053.4 dags. 28. janúar 2019. Gjald kr. 11.200
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020 samþykkt.*

14. **Barónsstígur 27, (fsp) stækkum/framlenging kvists** (01.174.3) Mál nr. SN200062
Skjalnr. 10713
Garðar Garðarsson, Norðurgarður 19, 230 Keflavík
670515-1330 Riss ehf., Hafnargötu 90, 230 Keflavík
Lögð fram fyrirspurn Garðars Garðarssonar dags. 21. janúar 2020 um að Stækka/framlengja kvist á þaki hússins á lóð nr. 27 við Barónsstíg um tvo metra, samkvæmt uppdr. Riss ehf. dags. 15. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Ingólfsstræti 1, breyting á deiliskipulagi** (01.150.3) Mál nr. SN190235
Skjalnr. 5350
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf. Laugavegi 164, 105 Reykjavík
490518-2070 Framkvæmdafélagið Skjald. ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Halldórssonar arkit. f.h. Framkvæmdafélagsins Skjald ehf. dags. 9. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 9. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti. Í breytingunni felst að heimila stækkun á inndreginni efstu hæð hússins og nýjan inngang frá Skúlagötu, samkvæmt uppdrætti Arkitekta Laugavegi 164 ehf./Glámu-Kím dags. 20. nóvember 2019. Einnig er lögð fram skýringarmynd dags. 20. nóvember 2019 og aðaluppdr. dags. 13. september 2019 sem sýnir stækkun efstu hæðar. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020 og Gunnar Árnason f.h. EON arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Laugardalur - austurhluti, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** (01.39) Mál nr. SN200070
Skjalnr. 5451
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípoli arkitekta dags. 28. janúar 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
17. **Stigahlíð 68, (fsp) færa lóðarmörk og fl.** (01.733) Mál nr. SN200072
Skjalnr. 5254
Brynjar Emilsson, Stigahlíð 68, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Brynjars Emilssonar dags. 29. janúar 2020 um breytingu á lóðarmörkum lóðarinnar nr. 68 við Stigahlíð, færa göngustíg og gera bílastæði á bakhluta lóðar aðgengilegt. Einnig er lögð fram skissa Brynjars Emilssonar ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Tjarnargata 10D, Kvistur og þaksvalir** (01.141.307) Mál nr. BN057030
Skjalnr. 14179
Katrín Sif Einarisdóttir, Tjarnargata 10D, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyf til að byggja kvist og svalir á vestur hlið á ósamþykktu íbúð rými 0401 í risi í húsi á lóð nr. 10D við Tjarnargötu.
Stækkun brúttó rúmm.: XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

19. **Bergstaðastræti 18, breyting á skilmálum** (01.184.0) Mál nr. SN190744
deiliskipulags Skjalnr. 10383
 450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 var lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 18. desember 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.184.0 vegna lóðarinnar nr. 18 við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst að breytt er texta þannig að ekki verði einungis heimilt að koma fyrir aðfluttu húsi á lóðinni heldur einnig heimilt að byggja þar staðbyggt hús, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 18. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
20. **Bústaðavegur 151-153, breyting á** (01.826.1) Mál nr. SN200074
deiliskipulagi Skjalnr. 7581
 Lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bústaðavegar 151-153. Í breytingunni felst m.a. að skipulagssvæðið stækkar til norðurs inn á svæði við lóðarmörk Ásenda og afreinar frá Miklubraut að Reykjanesbraut, uppsetningu hljóðveggs meðfram afrein/aðrein akandi umferðar við gatnamót Miklubrautar og Reykjanesbrautar, lega göngu- og hjólastígs norðan hitaveitustokks og vestan lóðar við Bústaðaveg 151D breytist og lega göngu- og hjólastígs breikkar og hækkar í landi milli eystri lóðarmarka Ásenda og afreinar/aðreinar milli Miklubrautar og Reykjanesbrautar vegna háspennurafstrengs sem liggur í jörðu undir núverandi stíg, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta og Landslags dags. 23. janúar 2020. Einnig eru felldar burt tvær settjarnir (setjtjörn 1 og settjörn 2) vegna óhentugar hæðarlegu lands og skerpt á skilmálum vegna blágrænna ofanvatnslausna innan lóða í formi regnbeða. Jafnframt er lagt fram fylgiskjal með þremur sneiðmyndum í hljóðvegg og lóðir Ásenda nr. 1, 3 og 5 dags. 29. janúar 2020, hljóðvistarskýrsla Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. dags. í febrúar 2005 og hljóðkort (dynlínukort) Mannvits dags. í nóvember 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
21. **Hvassaleiti 53-59, nr. 59, (fsp) stækkun húss** (01.725) Mál nr. SN200063
 Skjalnr. 13918
 Bjarni Ólafur Eiríksson, Hvassaleiti 59, 103 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Bjarna Ólafs Eiríkssonar dags. 21. janúar 2020 um stækkun hússins nr. 59 á lóð nr. 53-59 við Hvassaleiti sem felst í að byggja 30-40 m² viðbyggingu á enda eða gafl hússins.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Hverfisgata 46, (fsp) rekstur gististaðar** (01.172.0) Mál nr. SN190718
 Skjalnr. 8146
 671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf. dags. 3. desember 2019 ásamt bréfi dags. 2. desember 2019 varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.

23. **Hverfisgata 46, (fsp) breyting á notkun** (01.172.0) Mál nr. SN190266
Skjalnr. 8146
671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf. dags. 29. apríl 2019 ásamt greinargerð dags. 16. október 2019 um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu. Óskað er eftir undanþágu frá Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Einnig er lagt fram bréf Þingvangs ehf. til skipulags- og samgönguráðs dags. 11. apríl 2019 og kynningarhefti CytiHub Reykjavík dags. í júní 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
24. **Hlemmur, reitur 1.240.0, nýtt deiliskipulag** (01.2) Mál nr. SN190145
Skjalnr. 12842
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur. Skipulagið felur í sér endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningsgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreits fyrir flutningshúsið Norðurlpól og ný létt mannvirki fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019. Einnig er lögð fram greinargerð Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019 og umferðarskýrsla Eflu dags. 29. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15. janúar 2020, Jón Rúnar Pálsson dags. 15. janúar 2020, Minjavernd dags. 20. janúar 2020, Ingólfur Kristjánsson dags. 27. janúar 2020, Ólafía Einarsdóttir dags. 27. janúar 2020, Samúel Torfi Pétursson dags. 29. janúar 2020, Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020, Landssamtök hjólreiðamanna dags. 29. janúar 2020, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu dags. 29. janúar 2020, skrifstofa umhverfisgæða dags. 29. janúar 2020, Bifreiðafélagið Frami dags. 29. janúar 2020, Jón Rúnar Pálsson dags. 29. janúar 2020 og Mörkin lögmennsstofa hf. f.h. Hreyfils dags. 29. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Reitur 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190714
Skjalnr. 9064
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur. Göturiturinn afmarkast af Hverfisgötu, Hlemm, Laugavegi og Snorrabraut. Vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni - umferðarskipulag og stækkun, er gerð tillaga að afmörkun nýs deiliskipulagi fyrir Snorrabraut - Hlemm, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 29. janúar 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Reitur 1.240.2, Bankareitur, breyting á deiliskipulagi** (01.240.2) Mál nr. SN190713
Skjalnr. 13096
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.2, Bankareitur. Í breytingunni felst að minnka afmörkun gildandi deiliskipulags svo að það nái eingöngu utan um lóðina við Laugaveg nr. 120, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

27. **Skólavörðustígur 15, Sérafnotareitur fyrir** (01.182.008) Mál nr. BN057100
bílastæði - 0201 Skjalnr. 13955
600298-2169 12 tónar ehf., Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056146 þannig að bætt er við sérafnotareit fyrir bílastæði fyrir íbúð 0201 á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg, samkvæmt uppdr. Krads ehf. dags. 27. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
28. **Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi** (01.283.0) Mál nr. SN190437
Skjalnr. 7703
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Viðarrima 33, 112 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 18. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Safamýri/Álftamýri vegna lóðar nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 12. september 2019, br. 13. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: 11 íbúar að Álftamýri 61, 63, 65, 67, 69, 71, 73 og 75 dags. 27. janúar 2020, Ragnheiður Bragadóttir f.h. íbúa í Starmýri 6 dags. 29. janúar 2020, Erla Hafrún Guðjónsdóttir dags. 29. janúar 2020 og Guðmundur B. Ólafsson f.h. eiganda og íbúa Starmýri 4 og 8 dags. 29. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Hagamelur 39-45, 41 - Opna milli eigna** (01.526.004) Mál nr. BN057172
Skjalnr. 8593
430101-2420 Melabúðin ehf., Hagamel 39, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að opna á milli eigna, 0101 sem er atvinnuhúsnaði og 0102 í mhl. 02, breyta íbúð 0102 í atvinnuhúsnaði og koma fyrir kælum í rými 0101 og kæli og stafsmannaaðstöðu í rými 0102, í fjölbýlishúsinu nr. 41 á lóð nr. 39-45 við Hagamel.
Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
30. **Héðinsgata 2, Breyting á starfsemi** (01.327.501) Mál nr. BN057065
Skjalnr. 8604
671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta starfsemi vörugeymslu í bíla-og hjólbarðaverkstæði með geymsluhúsnaði fyrir ökutæki, bílauppboðssal ofl. í húsi, mhl. 12 og mhl. 15 á lóð nr. 2 við Héðinsgötu.
Erindi fylgir greinargerð Eflu um hönnun brunavarna dags. 8. janúar 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Laugavegur 27 og Hverfisgata 40, (fsp)** (01.172.0) Mál nr. SN200043
rekstur gististaðar í flokki II Skjalnr. 9943
 560418-0940 Fjarðarafl ehf., Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður
 Lögð fram fyrirspurn Fjarðarafls ehf. dags. 17. janúar 2020 um rekstur gististaðar í flokki II í þremur til fimm íbúðum sem eru í húsunum nr. 27 við Laugaveg, fnr. 250-6400, 250-6406 og 250-6390, og nr. 40 við Hverfisgötu, fnr. 250-6361 og 250-6368. Einnig eru lagðir fram uppdr. Ark Studio ehf. og Urban arkitekta ehf. dags. 9. júní 2017 og 1. júlí 2017 síðast br. 3. maí 2018.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Norðurgarður 1, Viðbygging við** (01.112.201) Mál nr. BN057171
frystivélahús við mhl. 05 og nýr mhl. 08 Skjalnr. 13250
 541185-0389 Brim hf., Norðurgarði 1, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi að byggja við núverandi frystivélahús, mhl.05, úr staðsteyptri steinsteypu að hluta og að hluta úr stálgrind, auk þess sem eimsvali verður settur á þakið, sem verður mhl 08, á lóð nr. 1 við Norðurgarð.
 Stækkun mhl. 05 er: 140,8 ferm.,655,6 rúmm. Stærðir Eimsvali, sem hefur mhl. 08 er: 39,4 ferm., 212,8 rúmm. Samtals stækkun er: 180,2 ferm., 868,4 rúm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Smiðshöfði 21, staðsetning ökutækjaleigu,** (04.061.4) Mál nr. SN200076
endurnýjun á leyfi Skjalnr. 14233
 540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
 Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 29. janúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Brynjólfs Flosasonar f.h. ökutækjaleigunnar Bílaleigan Ísak ehf. um að reka ökutækjaleigu að Smiðshöfða 21.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Bauganes 3A, Vinnustofa - mhl.02** (01.672.011) Mál nr. BN057150
 Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Bauganes 3A, 102 Skjalnr. 8103
 Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja nýjan matshluta 02, vinnustofu, úr timbri á steiptum grunni á einbýlishúsalóð nr. 3A við Bauganes.
 Stækkun: 49.4 ferm., 166.4 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
35. **Lindargata 34-36, (fsp) afmörkun nýs** Mál nr. SN190662
byggingarreits Skjalnr. 6407
 Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
 430615-0840 Alma 101 ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
 Á embættisafgangslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 31. október 2019 ásamt greinargerð dags. 30. október 2019 um afmörkun nýs byggingarreits í bakgarði lóðar nr. 34-36 við Lindargötu fyrir einnar hæðar byggingu sem yrðu um 50 m² að stærð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.

36. **Skildingatangi 2, breyting á deiliskipulagi** (01.675.2) Mál nr. SN200037
Skjalnr. 14190
530389-1709 Gula húsið ehf, Túngötu 32, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram umsókn Gula hússins ehf. dags. 14. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skildinganess vegna lóðarinnar nr. 2 við Skildingatanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til vesturs sem nemur 5 metrum á 10 metra kafla, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 26. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 24. janúar 2020.
Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Skildingatanga 1, 4 og 6, Fáfnisnesi 4 og Skildinganesi 62.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
37. **Ármúli 38, (fsp) breyting á notkun rýmis 02** (01.295.1) Mál nr. SN200045
0202 Skjalnr. 13557
Hallsteinn S Gestsson, Miðtún 46, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Hallsteins S. Gestssonar dags. 21. janúar 2020 um breytingu á notkun rýmis merkt 02 0202 í húsinu á lóð nr. 38 við Ármúla úr hárgreiðslustofu í þrjár íbúðir, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020 samþykkt.
38. **Bakkastaðir 41, (fsp) stækkun húss** Mál nr. SN200057
Skjalnr. 14232
Anna Dagrún Pálmarsdóttir, Bakkastaðir 41, 112 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 24. janúar 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 41 við Bakkastaði um 1.5 x 3.5 m til vesturs, út fyrir byggingarreit, samkvæmt tillögu Arkþings-Nordic ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Klyfjasel 16, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.997.1) Mál nr. SN200014
Skjalnr. 14035
Rúnar Ágústsson, Klyfjasel 16, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Rúnars Ágústssonar dags. 8. janúar 2019 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 16 við Klyfjasel um tvö. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
40. **Rauðagerði 54, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** (01.823.1) Mál nr. SN200044
Skjalnr. 10984
Lilja Sigríður Gunnarsdóttir, Rauðagerði 54, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Lilju Sigríðar Gunnarsdóttur dags. 20. janúar 2020 um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 54 við Rauðagerði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.

41. **Sjafnargata 9, (fsp) svaðir - 3. hæð** (01.196.0) Mál nr. SN200029
Skjalnr. 5581
Jón Karl Helgason, Sjafnargata 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Karls Helgasonar dags. 6. janúar 2020 ásamt bréfi Þorsteins Geirharðssonar arkitekts dags. 6. janúar 2020 um að setja svaðir á hluta samfellds kvist á suðurhlíð hússins á lóð nr. 9 við Sjafnargötu, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020.
42. **Burknagata, ósk um umsögn um breikkun götunnar** Mál nr. SN200075
Skjalnr. 5318
650417-1190 Borgarlínan ehf., Hamraborg 9, 200 Kópavogur
Lagt fram bréf verkefnastofu Borgarlínu dags. 13. janúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um breikkun á Burknagötu þannig að nægt rými verði fyrir alla samgöngumáta eftir götunni. Einnig er lagt fram minnisblað Spítal dags. 10. janúar 2020 þar sem tillögunni er lýst. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2020 lögð fram.
43. **Seltjarnarnes, lýsing vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna Búsetukjarna við Kirkjubraut** (01.51) Mál nr. SN200077
Skjalnr. 5318
560269-2429 Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Lagt fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar dags. 30. janúar 2020 þar sem kynnt er lýsing dags. 23. janúar 2020 fyrir breytingar á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæða vegna Búsetukjarna fyrir fatlaða við Kirkjubraut.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:50.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir